

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 05.07.23

Fundarstaður: Prentmet Oddi, Krókhálsi 4, 110 Reykjavík **Fundartími:** 16:15

Mætt: Jón Trausta Harðarson, Katrín Jónsdóttir, Tryggvi Þór Agnarsson, Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir, Ævar Rafn Kjartansson og Ágúst Guðjónsson.

Dagskrá fundar:

1. Staðan í Skálholti
2. Kostnaðar- og tekjuáætlun
3. Önnur mál

1. Staðan í Skálholti

Þrír stjórnarmenn gerðu sér ferð í Skálholt þann 21. júní síðastliðinn þegar Menningar- og viðskiptaráðherra Lilja Alfreðsdóttir afhenti styrkt til Bókhöfuð Skálholts. Ferðin var einnig notuð til að skoða framgang á gestastofu þar sem sýningu á vegum Prentsöguseturs verður sett upp. Staðan á húsnæðinu er: það á eftir að heilsparsla alla veggir fyrir málningavinnu, setja upp vöruhurð og draga rafmagn, svo tímaramminn er óljós um hvenær við fáum húsnæðið afhent.

2. Kostnaðar- og tekjuáætlun

Rætt var um samning, tímaramma og kostnaðaráætlun varðandi sýningu á Skálholti. Umræða var tekin um hvernig best væri að halda áfram og hvort það væri ekki nauðsynlegt að fara yfir kostnaðar- og tekjuáætlun. Útistandandi tilboð hafa að öllum líkindum hækkað, ákveðið var að endurskoða þau tilboð ásamt því að fara yfir skilalýsingu á húsnæði í Skálholti, til að ná betur utan um heildarmyndina á kostnaði sem eftir er til að gera rýmið sýningarhæft.

Gjaldkeri setti okkur lauslega inn í stöðu fjármál félagsins. Félagsmenn eru 330, af þeim eru 300 búnir að greiða félagsgjöld. Stjórn ætlar að leita ráða hjá fagmönnum hvað varðar fjáröflun.

3. Önnur mál

- a. Stjórn skrifaði undir pappíra um raunverulega eigendur sem skila á inn til skattsins.

Næsti stjórnarfundur verður upp úr miðjum ágúst.

Fundi slitið 17:35.

Katrín Jónsdóttir, ritaði.